**From:** Svandís Ingimundardóttir <svandis.ingimundardottir@samband.is>
**Date:** 1 November 2018 at 16:28:47 GMT
**To:** undisclosed-recipients:;
**Subject: Námskeið fyrir skólanefndir - 26. nóvember í Reykjavík - og vefnámskeið**

Ágætu formenn skólanefnda, fræðslustjórar og framkvæmdastjórar sveitarfélaga.

Eins og áður hefur verið greint frá þá vinnur sambandið að breyttu fyrirkomulagi námskeiðahalds fyrir skólanefndir og verður framkvæmdin með eftirfarandi hætti:

- **Haldið verður eitt, miðlægt námskeið í Reykjavík 26. nóvember frá kl. 8:30-14:15 á Grand hóteli**

  - Dagskrá er í viðhengi með fyrirvara um minniháttar breytingar
  - Námskeiðið er hugsað fyrir alla nefndarmenn, þ.m.t. áheyrnarfulltrúa, auk þess sem fræðslustjórar og áhugasamt sveitarstjórnarfólk er velkomið
  - Streymt verður frá námskeiðinu og skólanefndir um allt land, sem ekki mæta á Grand, hvattar til þess að taka frá þennan tíma og sitja námskeiðið í sameiningu í heimabyggð og fylgjast með útsendingunni.
  - Þær nefndir, eða fulltrúar þeirra, sem eiga heimangengt eru hvattar til þess að mæta á Grand. Æskilegt er að fleiri en formaður nefndar mæti/sitji námskeiðið og þeir sem ekki mæti á svæðið fylgist með útsendingu námskeiðs
  - Námsefni verður sent út með rafrænum hætti
  - Námskeiðsgjald er kr. 10.000 fyrir þá sem mæta til þátttöku á Grand hóteli. Gjaldið samanstendur eingöngu af kostnaði vegna salarleigu og veitinga yfir daginn.

  ***SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ –þátttakendur bæði nær og fjær skrái sig: https://www.samband.is/vidburdir/2018/11/26/eventnr/1194***

- **Stutt vefnámskeið** verða unnin í kjölfarið um afmarkaða efnisþætti og gerð aðgengileg á upplýsingavef sambandsins.

  Dæmi um efni sem unnið verður að:
  - *Meginreglur stjórnsýsluréttar*: Hæfi og ástæður vanhæfis, málsmeðferð, meðalhófsreglu, leiðbeiningarskyldu og stjórnsýslukæru.
  - *Persónuvernd í skólastarfi og tilkynningar til Persónuverndar*
  - *Ábyrgð og skyldur foreldra o.fl.*

Skólanefndir verða hvattar til þess að kynna sér þættina með upplýsingapósti jafnóðum og þeir verða til.

# Námskeið fyrir skólanefndir 2018

**Grand hóteli, 26. nóvember 2018**

## Námskeiðslýsing

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist þekkingu á hlutverki sínu sem fulltrúi í skólanefnd og þeim verkefnum og skyldum sem tilheyra því ábyrgðarsviði. Þátttakendur fá almenna fræðslu um þann ramma sem lög, reglugerðir og námskrár um leik- og grunnskóla setja starfseminni. Þá verður fjallað um opinbera menntastefnu, skólastefnu sveitarfélags, rekstrarhlið skólahalds auk fræðslu um málsmeðferðarreglur sem gilda við meðferð mála í skólanefndum. Fjallað verður um starfsemi skólaskrifstofa og mikilvægi samhæfðrar þjónustu þvert á fagsvið við nemendur og skóla.

- Haldið verður eitt, miðlægt námskeið í Reykjavík, því streymt samhliða, tekið upp og gert aðgengilegt á vef sambandsins.
- Stutt vefnámskeið um afmarkað efni verða unnin og gerðir aðgengileg á vef sambandsins. Efnisþættir slíkra námskeiða verða t.d. *meginreglur stjórnsýsluréttar*: Hæfi og ástæður vanhæfis, málsmeðferð, meðalhófsreglan, leiðbeiningarskylda, stjórnsýslukæra. *Persónuvernd í skólastarfi og tilkynningar til Persónuverndar* og *Ábyrgð og skyldur foreldra.*

**Þátttakendur:** Skólanefndir leik- og grunnskóla ásamt áheyrnarfulltrúum foreldra, kennara og skólastjóra. Starfsmönnum skólaþjónustu sveitarfélaga og framkvæmdastjórum sveitarfélaga er einnig velkomið að sitja námskeiðin.

## DAGSKRÁ

**8:30** **Skólalöggjöf og samspil við aðra löggjöf**

**Hlutverk skólanefnda – skyldur og ábyrgð**

*Fyrirspurnir og umræður*

**10:15** ***kaffihlé***

**Persónuvernd og upplýsingalög**

*Fyrirspurnir og umræður*

**Opinber menntastefna um skóla fyrir alla - mótun menntastefnu til 2030**

**12:10** ***hádegishlé***

**Skólastefna sveitarfélaga**

**Rekstur leik- og grunnskóla**

**Skólaskrifstofur og skólaþjónusta**

**14:00** ***Fyrirspurnir og umræður***